

Tillaga að breytingum á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Samþykkt á aðalfundi dags. 15.10.2025

17. grein Kostnaðarskipting	
Öllum kostnaði vegna sameiginlegra starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu og yfirstjórnar skal jafnað niður á sveitarfélögin á eftirfarandi hátt: Kostnaður vegna velferðarþjónustu: Kostnaður vegna reksturs velferðarþjónustunnar, þ.e. launakostnaður starfsmanna, verktakakostnaður og almennur rekstrarkostnaður greiðist af aðildarsveitarfélögum í hlutfalli við íbúatölu 1. janúar næstliðins árs. Kostnaðar vegna útlagðs kostnaðar og annarra úrræða til skjólstæðinga félagsþjónustunnar greiðist af lögheimilissveitarfélagi. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðamót yfirlit yfir greiðslur er viðkomandi sveitarfélagi ber að greiða um mánaðamótin. Kostnaður vegna sértækra félagsþjónustu- og barnaverndarmála greiðist af lögheimilissveitarfélagi þess skjólstæðings sem um ræðir. Stjórn í samráði við deildarstjóra velferðarþjónustu skal útbúa samantekt um helstu úrræði er falla undir sértæka félagsþjónustu og barnaverndarmál. Sé fyrirsjáanlegt að slík mál leiði af sér umtalsverð fjárútlát ber deildarstjóra að halda sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags upplýstum. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélagi tímanlega fyrir mánaðamót yfirlit yfir greiðslur og reikninga er viðkomandi sveitarfélagi ber að greiða um mánaðamótin. Kostnaður vegna skólaþjónustu: Kostnaður vegna reksturs skólaþjónustu, þ.e. launakostnaður starfsmanna, verktakakostnaður og almennur rekstrarkostnaður greiðist í hlutfalli við nemendafjölda í skólum viðkomandi aðildarsveitarfélags miðað við 1. janúar	Eftirfarandi bætist við 17. grein um kostnaðarskiptingu vegna málefna fatlaðs fólks: Kostnaður vegna málefna fatlaðs fólks, þ.e. launakostnaður starfsmanna og annar rekstrarkostnaður vegna stöðugilda í málefnum fatlaðs fólks, greiðist 40% í hlutfalli við staðfest SIS mat og 60% í hlutfalli við íbúatölu í hverju sveitarfélagi. Miða skal við fjölda með SIS mat og íbúafjölda sveitarfélaganna 1. ágúst ár hvert við vinnslu fjárhagsáætlunar komandi árs. Ofangreind kostnaðarskipting í málefnum fatlaðs fólks gildir fyrir árið 2026 en stjórn skal endurmeta kostnaðarskiptingu tímanlega fyrir aðalfund 2026 og skal endurmat á kostnaði byggja á skráningu vinnuframlags starfsfólks í málaflokki fatlaðs fólks hjá byggðasamlaginu. Eftirfarandi verður áfram neðst í 17. grein: Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðamót yfirlit yfir greiðslur er viðkomandi sveitarfélagi ber að greiða um mánaðamótin.

næstliðins árs. Kostnaður vegna sértækra úrræða í skólaþjónustu sem eru á ábyrgð sveitarfélags, skv. samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. í maí 2014, s.s. við talþjálfun barna, greiðist af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi barns. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðamót yfirlit yfir greiðslur er viðkomandi sveitarfélagi ber að greiða um mánaðamótin.	
--	--

Ákvæði til bráðabirgða. I		
Þegar ársreikningur ársins 2023 liggur fyrir skal stjórn endurskoða 17. gr. um kostnaðarskiptingu með áherslu á að skoða kostnað vegna málefna fatlaðs fólks og hvort taka þurfi betur tillit til þess kostnaðar við kostnaðarskiptingu milli aðildarsveitarfélaga. Leiði sú endurskoðun til þess að gera þarf breytingar á 17. gr. skal tillaga lögð fyrir aðalfund ársins 2024.	Færist undir 17. grein stofnsamnings og ákvæði til bráðabirgða fellur út.	